Nr. 19.
22.
septbr.

Lög

um

breytingu á núgildandi ákvæðum um lýsingar til hjónabands.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Áður en hjónavígsla má fara fram, skal lýsa hjúskaparáformi hjónaefnanna af prjedikunarstól við hámessu á sunnudegi í sóknarkirkju brúðarinnar að minnsta kosti 3 vikum fyrir vígsludag.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Gjaldið fyrir hjónavígslubrjef skal eptirleiðis vera 15 krónur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. september 1899,

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hørring.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Forandring i de nugældende Bestemmelser om Tillysning til Ægteskab.

Nr. 19.
22de
Septbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Inden en Ægtevielse maa finde Sted, skal Brudefolkenes Forsæt at indgaa Ægteskab mindst 3 Uger for Vielsesdagen bekendtgøres ved Højmessetjenesten paa en Søndag fra Prædikestolen i Brudens Sognekirke.

Fritagelse for Tillysning kan dog gives ved kongelig Bevilling. Betalingen for Vielsebrev skal for Fremtiden være 15 Kroner.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de September 1899.

Ministeriet for Island, den 22de September 1899.

Hørring.

Ólafur Halldórsson.